

# VINNUBLAÐ 4

## UPPTÖKUR OG KLIPPING

Nú hafið þið búið til einfalt handrit sem inniheldur ekki fleiri en 3 línur og er ekki lengra en 3 blaðsíður. Nú eruð þið tilbúin til að taka upp atriðið.

Hér eru þrjú góð ráð fyrir upptökurnar:

1. Haldið símanum lárétt, þá verður upptakan meira eins og kvikmynd.
2. Munið að nota nærmyndir þannig að við fáum að komast nálægt persónunum og sjá viðbrögð þeirra.
3. Hreyfið myndavélina þannig að myndin hreyfist smá og virkar ekki kyrrstæð.

Skemmtið ykkur vel.

### ÁBENDINGAR OG HUGMYNDIR


#### ÞRjú GÓÐ RÁÐ FYRIR UPPTÖKURNAR

Þegar þið eruð að klippa atriðið í klippiforritinu er mikilvægt að huga að flæðinu — hversu langt/stutt á hvert brot að vera? Hvernig er hægt að hámarka hræðslutilfinninguna í ykkar upptöku?

Ef þið eruð að nota víxlklippingu skulið þið einnig íhuga hvort þið ættuð að auka hraðann í atriðinu þegar fer að líða að því að söguþræðirnir mætast.

Vandið ykkur við að setja upp ljós og munið að nota alvöru hljóð, leikhljóð og tónlist! Munið að stilla hljóðstyrkinn þannig að hann sé viðeigandi fyrir alla. Hljóðstyrkurinn á að vera stöðugur gegnum atriðið ykkar og öll önnur atriði í myndinni.

Við mælum með að nota klippiforrit sem þið kunið á. Þegar atriðið er tilbúið eigið þið að hlaða því upp á [www.nordeniskolen.org](http://www.nordeniskolen.org).



### **VALFRJÁLST VERKEFNI**

Ef þið hafið möguleika er góð hugmynd að nota einnig leikhljóð sem þið búið til sjálf. Það gæti gert atriðið ykkar mjög hrollvekjandi.

